

FRAMKVÆMDAÁÆTLUN BREIÐAFJARÐARNEFNDAR 2020-2021

vegna verndar Breiðafjarðar skv. lögum nr. 54/1995



Framkvæmdaáætlun

Breiðafjarðarnefndar 2020-2021

vegna laga um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995

Áætlun fyrir árin 2018-2021 var upphaflega tekin saman af Theódóru Matthíasdóttur, ritara Breiðafjarðarnefndar, í lok árs 2017. Byggir áætlunin á þeim verkefnum sem samþykkt hafa verið í Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019, sem undirrituð var af umhverfis- og auðlindaráðherra árið 2015. Framkvæmdaáætlunin var uppfærð, yfirfarin og samþykkt af Breiðafjarðarnefnd í febrúar 2020.

Ljósmynd á forsíðu: Toppskarfar á Breiðafirði (ljósm. Róbert A. Stefánsson)

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Forsendur verkefnavals á framkvæmdaáætlun	5
Verkefni framkvæmdaáætlunar.....	5
Framkvæmdaáætlun ársins 2020	6
Framkvæmdaáætlun ársins 2021	9
Lokaorð	9

Framkvæmdaáætlun Breiðafjarðarnefndar 2020-2021

Inngangur

Breiðafjörður nýtur verndar samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar en tilgangur þeirra er að stuðla að vernd Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja.

Breiðafjarðarnefnd er umhverfis- og auðlindaráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laganna. Í nefndinni eiga sæti sjö fulltrúar sem tilnefndir eru til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann og varaformann án tilnefningar, fjórir eru tilnefndir af sveitarfélögum við fjörðinn og tveir af fagstofnunum. Þann 9. júní 2017 var ný nefnd um vernd Breiðafjarðar skipuð til fjögurra ára.

Samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar skal Breiðafjarðarnefnd í samvinnu við sveitarfélögin láta gera verndaráætlun fyrir Breiðafjörð og senda ráðherra til staðfestingar. Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019 var samþykkt af ráðherra 2014. Í henni er að finna tillögur að fjölda verkefna sem miða að því að tryggja verndun svæðisins og ná markmiðum laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Framkvæmd þessara verkefna hefur aftur á móti gengið hægt vegna takmarkaðra fjárveitinga.

Á fundi sínum þann 19. september 2017 markaði Breiðafjarðarnefnd sér framtíðarsýn sem hún hugðist hafa að leiðarljósi á starfstíma sínum. Með þá framtíðarsýn í huga ásamt þeim forgangsatriðum sem sett eru fram í Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019 útbjóg nefndin framkvæmdaáætlun fyrir tímabilið 2018-2021 og var hún samþykkt af nefndinni árið 2018.

Árið 2019 átti sér stað umræða innan nefndar og utan um að leggja þyrfti áherslu á endurskoðun laga um vernd Breiðafjarðar. Samhliða þeirri umræðu hélt nefndin áfram vinnu við að skoða kosti og galla við tilnefningu svæðisins á Ramsarskrá. Á sama tíma vann umhverfis- og auðlindaráðuneytið að undirbúningi að stofnun Þjóðgarðastofnunar. Nefndinni þótti því eðlilegt að nýta tækifærið og skoða helstu kosti sem til staðar eru fyrir framtíð fjarðarins og í hvað þeim fælist.

Nefndin ákvað því að verja árinu 2020 í leggja mikla áherslu á vinnu við samantekt á efni um möguleika fyrir framtíð Breiðafjarðar. Það ætlar að nefndin að gera í nánú samráði við íbúa, sveitarfélög, atvinnulíf, landeigendur og aðra hagsmunaaðila. Nefndin hyggur á fræðslukvöld með íbúum, náð samráð við sveitarfélög, í samráðsferlinu mun nefndin nýta sér heimasíðu og samfélagsmiðla nefndarinnar auk pistlaskrifa í svæðisblöð. Afrakstur þessarar vinnu verður tekinn saman í greinargerð sem send verður sveitarfélögunum til umsagnar. Að lokum verður niðurstöðu vinnunnar skilað til umhverfis- og auðlindaráðherra í lok árs 2020.

Framkvæmdaáætlun nefndarinnar hefur nú verið uppfærð í samræmi við breyttar áherslur nefndarinnar og gildir út skipunartíma nefndarinnar, frá 2020-2021.

Í áætluninni er verkefnum raðað í forgangs röð eftir mikilvægi, þau tímasett og ábyrgðaraðili tilgreindur. Ritari Breiðafjarðarnefndar hefur leitt vinnuna í samstarfi við formann nefndarinnar og nefndina sjálfa. Í áætluninni er gert ráð fyrir að sambærilegt fjármagn berist til nefndarinnar af fjárlögum og verið hefur síðastliðin ár. Tilgangur áætlunarinnar er að auðvelda yfirsýn yfir þau verkefni sem sett eru fram í verndaráætlun og að reyna að hámarka afköst nefndarinnar miðað við óbreyttar fjárveitingar. Það er þó ljóst að brýnt er að tryggja aukið fjármagn til aðgerða á verndarsvæði Breiðafjarðar til að ná megi þeim markmiðum sem sett hafa verið fram fyrir svæðið.

Hér á eftir er í fyrstu gróflega gerð grein fyrir forsendum verkefnavals fyrir framkvæmdaáætlun Breiðafjarðarnefndar 2020-2021 og þar á eftir fylgir áætlunin sjálf.

Forsendur verkefnavals á framkvæmdaáætlun

Framkvæmdaáætlun er mikilvægt tæki til þess að framfylgja og styrkja vernd Breiðafjarðar en þar má á einum stað finna flest helstu verkefni sem unnið er að, hver ber ábyrgð á framkvæmd þeirra og hvenær áætlað er að ljúka þeim. Þeim forsendum sem áætlunin er unnin út frá má skipta í þrjá flokka:

- 1) Verkefni úr Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019.
- 2) Verkefni sem styðja við framtíðarsýn sitjandi nefndar.
- 3) Reglubundin verkefni sem tengjast rekstri nefndarinnar.

Hér að neðan verður gróflega gerð grein fyrir hverjum þessara flokka.

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019

Samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar skal Breiðafjarðarnefnd í samvinnu við sveitarfélögin láta gera verndaráætlun fyrir Breiðafjörð og senda ráðherra til staðfestingar. Markmið áætlunarinnar er að tryggja vernd náttúru- og menningarminja svæðisins. Áætlunin er stefnumörkun sem lýsir stuttlega verndargildi svæðisins í heild og einstökum hlutum þess og markar stefnu um útfærslu stjórnunar og umsýslu vegna m.a. verndar, skipulags og framkvæmda á svæðinu. Verndaráætlunin er einnig uppspretta hugmynda að rannsóknarverkefnum á sviði náttúruvísinda og menningar.

Í Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019 eru taldar upp ýmsar leiðir til þess að styrkja vernd svæðisins en þrjár settar fram sem líklegastar til árangurs:

- 1) Stækkun verndarsvæðisins og lögskýring
- 2) Tilnefning svæðisins á Ramsarskrána
- 3) Tilnefning svæðisins á heimsminjaskrá UNESCO

Auk þessara þriggja leiða er einnig minnst á að mögulegt væri að stofna þjóðgarð á svæðinu sem næði yfir eyjar, strandlengju og hafsvæði.

Framtíðarsýn núverandi nefndar

Endurskoðuð framtíðarsýn Breiðafjarðarnefndar, sem samþykkt var á fundi nefndarinnar þann 27. febrúar 2020, hljómar svo:

Þegar nefndin lætur af störfum árið 2021, hafa mögulegir kostir fyrir framtíð Breiðafjarðar verið skoðaðir í samráði við íbúa, sveitarfélög, atvinnulíf, landeigendur og aðra hagsmunaaðila. Starf um vernd Breiðafjarðar hefur verið eft.

Reglubundin verkefni er tengjast rekstri nefndarinnar

Breiðafjarðarnefnd fundar reglulega og afgreiðir þau erindi sem berast hverju sinni.

Verkefni framkvæmdaáætlunar

Hér á eftir er fjallað um verkefni árána 2020-2021 en þeim hefur verið raðað upp og þau útfærð í samræmi við Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019 og framtíðarsýn sitjandi nefndar. Í eftirfarandi áætlun er lögð höfuðáhersla á að skýra verkefni ársins 2020.

Framkvæmdaáætlun ársins 2020

	Verkefni	Tíma-rammi	Ábyrgðaraðili	Forsenda	Staða
2020.1	Starfsskýrsla 2019	Jan-feb	Breiðafjarðarnefnd	Rekstur	Í vinnslu
2020.2	Framkvæmdaáætlun 2020-2021	Jan-feb	Breiðafjarðarnefnd	Rekstur	Lokið
2020.3	Fjárhagsáætlun 2020	Jan-feb	Breiðafjarðarnefnd	Rekstur	Lokið
2020.4	Fræðslu- og kynningaráætlun fyrir verndarsvæði Breiðafjarðar	Jan-feb	Breiðafjarðarnefnd	Sýnileiki	Í vinnslu
2020.5	Uppfærsla heimasíðu vegna framtíðar Breiðafjarðar	Jan-feb	ANOK og Breiðafjarðarnefnd	Sýnileiki	Í vinnslu
2020.6	Bæklingur um öryggi og umgengni	Jan-feb	Náttúrustofa Vesturlands, ANOK og Breiðafjarðarnefnd	Sýnileiki	Í vinnslu
2020.7	Rannsóknir á búsvæðanotkun fiskseiða á innanverðum Breiðafirði	Febrúar	Rannsóknasetur HÍ á Vestfjörðum	Rannsóknir	Í vinnslu
2020.8	Rannsóknir á vistfræði strandsvæða á Breiðafirði	Febrúar	Vör sjávarrannsóknasetur	Rannsóknir	Í vinnslu
2020.9	Fræðslukvöld um framtíð Breiðafjarðar	Jan-mars	Breiðafjarðarnefnd	Efling verndar	Í vinnslu
2020.10	Yfirlit yfir örnefnaskráningar á verndarsvæðinu	Mars	Breiðafjarðarnefnd	Rannsóknir	Í vinnslu
2020.11	Fornminjakort fyrir Flatey	Apríl	Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna	Sýnileiki, rannsóknir	Í vinnslu
2020.12	Fjörúvísir – kennsluefni	Maí	Vör sjávarrannsóknasetur, Svæðisgarðurinn Snæfellsnes, Breiðafjarðarnefnd	Sýnileiki, fræðsla	Í vinnslu
2020.13	Greinargerð um framtíð Breiðafjarðar	Jan-ág	Breiðafjarðarnefnd	Efling verndar	Í vinnslu
2020.14	Greinargerð til sveitarfélaga um framtíð Breiðafjarðar	Ágúst	Breiðafjarðarnefnd	Efling verndar	Í vinnslu
2020.15	Örnefnaskráningar Greinargerð til ráðherra um	Nóv	Breiðafjarðarnefnd	Rannsóknir	Í vinnslu
2020.16	framtíð Breiðafjarðar	Des	Breiðafjarðarnefnd	Efling verndar	Í vinnslu

2020.1 Starfsskýrsla 2019

Samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar ber Breiðafjarðarnefnd að gefa ráðherra árlega skýrslu um störf sín. Í febrúar 2019 verður lokið við starfsskýrslu fyrra árs og hún afhent ráðherra og gerð aðgengileg á heimasíðu nefndarinnar.

2020.2 Framkvæmdaáætlun 2020-2021

Framkvæmdaáætlun lýsir helstu verkefnum sem nefndin og starfsmaður hennar vinna að á starfstíma nefndarinnar.

2020.3 Fjárhagsáætlun 2020

Fjárhagsáætlun er unnin út frá framkvæmdaáætlun hvers árs. Á fyrsta fundi nefndarinnar árið 2020 verða drög að fjárhagsáætlun lögð fram til samþykkis nefndarinnar.

2020.4 Fræðslu- og kynningaráætlun fyrir verndarsvæði Breiðafjarðar

Í Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019 er lögð áhersla á að efla þurfi umhverfisvitund með fræðslu. Á fundum sitjandi Breiðafjarðarnefndar hefur einnig komið fram vilji nefndarinnar til þess að auka þekkingu og vitund almennings á verndarsvæðinu og þeim möguleikum sem til staðar eru fyrir framtíð svæðisins. Til þess að framfylgja þessu árið 2020 mun nefndin setja upp fræðslu- og kynningaráætlun þar sem fram kemur hvornig nefndin vill beita sér fyrir að auka þekkingu, upplýsa og leita eftir samráði við íbúa, sveitarfélög, atvinnulíf og aðra hagsmunaaðila vegna verkefna nefndarinnar. Á áætluninni verður meðal annars útgáfa bæklinga, fræðslufundaröð, pistlaskrif, uppfærsla heimasíðu og fleira.

2020.5 Uppfærsla heimasíðu

Heimasíða Breiðafjarðarnefndar verður uppfærð með það að markmiði að upplýsingar um vinnu nefndarinnar í tengslum við framtíð Breiðafjarðar verði gerðar sem aðgengilegastar.

2020.6 Bæklingur um öryggi og umgengni

Breiðafjarðarnefnd auglýsti eftir tilboðum í gerð öryggis- og umgengnisbæklings haustið 2017. Nefndin samþykkti að taka tilboði Náttúrustofu Vesturlands í texta- og kortagerð fyrir bæklinginn og tilboði frá Anok ehf. í umbrot hans. Þegar er búið að skrifa textann og gera drög að uppsettum bæklingi og er það vinna nefndarinnar að afla myndefnis í bæklinginn. Ætlunin er að bæklingurinn verði kominn í prentun ekki seinna en í mars.

2020.7 Rannsóknir á búsvæðanotkun fiskseiða á innanverðum Breiðafirði

Breiðafjarðarnefnd styrkti rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum til rannsókna á búsvæðanotkun fiskseiða. Markmið verkefnisins er að kanna hvort gróin svæði, t.d. þang, þari og marhálmur, innarlega í Breiðafirði séu mikilvæg búsvæði seiða. Notaðar verða veiðitölur, köfunarsnið, greiningar á magainnihaldi og stöðugum efnasamsætum til að meta notkun algengra tegunda seiða, t.d. þorsks og ufsa, á mismunandi botngerðum á innanverðum Breiðafirði. Skýrslu um verkefnið verður skilað febrúar 2020.

2020.8 Rannsóknir á vistfræði strandsvæða á Breiðafirði

Breiðafjarðarnefnd styrkti Vör sjávarrannsóknasetur vegna rannsókna á vistfræði strandsvæða í Breiðafirði. Markmið rannsóknarinnar er að kanna mikilvægi mismunandi búsvæða fyrir fisktegundir í Breiðafirði og meta hvort búsvæðagerð hafi áhrif á fjölbreytileika, þéttleika og aldursdreifingu þeirra. Lokaskýrslu verður skilað í febrúar 2020.

2020.9 Fræðslukvöld um framtíð Breiðafjarðar

Á síðustu misserum hefur Breiðafjarðarnefnd sannfærst um að endurskoða þurfi lög um vernd Breiðafjarðar með það að markmiði að skýra þau og styrkja. Samhliða þeirri vinnu sem og vinnu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins við undirbúning stofnunar Þjóðgarðastofnunar, hefur nefndin rætt ýmsa möguleika og tækifæri fyrir framtíð Breiðafjarðar. Nefndin stóð fyrir málþingi um efnið í Tjarnarlundi í Dalabyggð í október 2019. Í framhaldi af því málþingi ætlar nefndin, í samstarfi við Náttúrustofu Vesturlands, að standa fyrir fræðslufundaröð um sérstöðu og framtíð Breiðafjarðar.

Fundir verða haldnir í Snæfellsbæ, Grundarfirði, Stykkishólmi, Dalabyggð, Reykhólasveit og Vesturbyggð á tímabilinu janúar-mars 2020. Nefndin lítur svo á að slíkir fundir séu liður í að fræða og leita eftir samráði við þá sem málið varðar, íbúa, atvinnulíf, sveitarstjórnir og aðra hagsmunaaðila.

2020.10 Yfirlit yfir örnefnaskráningar á verndarsvæðinu

Frá árinu 2004 hefur Breiðafjarðarnefnd komið að skráningu og hnitsetningu örnefna á verndarsvæðinu, í samstarfi við ýmsa aðila, nú síðast Náttúrufræðistofnun Íslands. Í verndaráætlun er lögð áhersla á rannsóknir á menningarminjum. Þá er sérstaklega minnst á skráningu örnefna þar sem um er að ræða þekkingu sem tapast með tímanum ef hún er ekki skráð. Til þess að fá betri yfirsýn um þau svæði sem enn á eftir að skrá hefur nefndin óskað eftir samstarfi við Landmælingar Íslands við samantekt á yfirlitskortum um örnefnaskráningu á verndarsvæðinu sem hægt verður að styðjast við þegar svæði eru valin til skráningar.

2020.11 Fornminjakort fyrir Flatey

Árið 2017 skilaði Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna skýrslu yfir fornminjaskráningar félagsins í Flatey á Breiðafirði en verkefnið var styrkt af Breiðafjarðarnefnd. Í október 2017 gerði nefndin samning við félagið um að gera minjaskráninguna aðgengilega almenningi og áhugasömum með gerð göngu- og minjakorts með hliðsjón af þeim upplýsingum sem til eru um svæðið. Verður kortinu skilað fullmótuðu til netbirtingar á vormánuðum 2020.

2020.12 Fjörúvísir – kennsluefni

Breiðafjarðarnefnd styrkti Svæðisgarðinn Snæfellsnes og sjávarrannsóknasetrið Vör til þess að vinna að gerð kennsluefnis sem byggt verður á fjörúvísi sem Vör hefur tekið saman. Verkefnið felst í því að útbúa hnitmiðað kennsluefni sem nýtist skólum við Breiðafjörð sem og ferðaþjónustuaðilum og öðrum íbúum og aðilum úr atvinnulífi við Breiðafjörð.

2020.13 Greinargerð vegna framtíðar Breiðafjarðar

Tekin verður saman greinargerð þar sem fjallað verður um afrakstur vinnu nefndarinnar vegna framtíðar Breiðafjarðar. Þar verður gerð grein fyrir málþinginu sem nefndin stóð fyrir í Tjarnarlundi í Dalabyggð í október 2019 og fræðslukvöldum nefndarinnar í sveitarfélögum við fjörðinn. Þar verður einnig gerð samantekt um þau tækifæri, áskoranir og hindranir sem felast í mismunandi gerðum verndar fyrir svæðið.

2020.14 Greinargerð um framtíð Breiðafjarðar til sveitarfélaga

Þegar greinargerð um framtíð Breiðafjarðar hefur verið samþykkt af nefndinni mun nefndin senda hana til sveitarfélaga við fjörðinn til umsagnar. Á meðan á vinnslu hennar stendur mun nefndin leitast við að funda með sem flestum sveitarfélöganna.

2020.15 Örnefnaskráningar

Nefndin hefur gert samning við Náttúrufræðistofnun Íslands um skráningu örnefna innan verndarsvæðisins árið 2020. Þeirri vinnu skal skila eigi síðar en 1. nóvember 2020 og leggur nefndin mikla áherslu á að öll skráning örnefna sé unnin í góðri samvinnu við Landmælingar Íslands og að niðurstöður séu vistaðar hjá LMÍ.

2020.16 Greinargerð um framtíð Breiðafjarðar til ráðherra

Þegar sveitarfélög við fjörðinn hafa yfirfarið greinargerð nefndarinnar um framtíð Breiðafjarðar verður hún send umhverfis- og auðlindaráðherra. Formaður mun auk þess óska eftir fundi með ráðherra þar sem hún mun koma niðurstöðum nefndarinnar til skila.

Framkvæmdaáætlun ársins 2021

	Verkefni	Tímarammi	Ábyrgð á framkvæmd	Forsenda
2021.1	Ársskýrsla 2018 Endurskoðun	Jan-feb	Breiðafjarðarnefnd	Rekstur nefndar
2021.2	Framkvæmdaáætlunar	Jan-feb	Breiðafjarðarnefnd	Rekstur nefndar
2021.3	Fjárhagsáætlun 2019	Jan-feb	Breiðafjarðarnefnd	Rekstur nefndar
2021.4	Framtíð Breiðafjarðar - eftirfylgni Endurskoðun	Jan-des	Breiðafjarðarnefnd	Ramsar/efling verndar
2021.5	Verndaráætlunar	Jan-des	Breiðafjarðarnefnd	Rekstur nefndar
2021.6	Fræðsla og kynning á verndarsvæði Breiðafjarðar	Jan-des	Breiðafjarðarnefnd	Sýnileiki og samstarf

Lokaorð

Í Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019 eru talin upp fjögur forgangsatíði sem lagt er til að unnið sé að miðað við óbreytt fjárframlög til nefndarinnar. Auk þessara verkefna eru talin upp mun fleiri og stærri verkefni sem nauðsynleg eru til þess að styrkja og viðhalda vernd svæðisins. Þar má meðal annars nefna stækkun og nánari skilgreiningu verndarsvæðis, heildstætt skipulag fyrir svæðið, átak í rannsóknum á lífríki, átak í skráningu á örnefnum, tilnefning Breiðafjarðar á heimsminjaskrá, landvarsla og gestastofa. Það er ljóst að flest þeirra verkefna sem sett eru fram í verndaráætluninni eru óraunhæf miðað við óbreytt fjárframlög og nokkuð víst að það þyrfti að stórauka fjárveitingar til verndarsvæðisins. Þannig myndi skapast svigrúm til þess að ráða sérfræðing til þess að vinna að framgangi verndaráætlunarinnar.